

Um gott fólk og óvenjulegt

„Undarlegt er hvernig allt fer einhvern veginn öðruvísi en maður hefði ímyndað sér fyrirfram og enn furðulegra hvernig fullorðnum, sem tala við mann oft á dag, tekst að undirbúa stóratburði og halda merkilegum tíðindum leyndum“ hugsar Marsibil Jónsdóttir (bls. 95), tólf ára snaggaraleg Reykjavíkurstelpa í samnefndri bók Helga Guðmundssonar sem út kom á dögnum. Hér er á ferðinni sérstæð barnabók eins og sjá má af undirtitlinum „skáldsaga um gott fólk og óvenjulegt“. Í bókinni er fjallað er um sundurleitustu efni eins og skilnað foreldra, kynferðislega áreitni, kvótabrask, guð á himnum, búðarþjófnað og byggðastefnu svo eitthvað sé nefnt.

Íslenskum barnabókum hefur vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum. Sem dæmi um gleðileg tíðindi í þessum geira nægir að nefna framgang barnabókar Andra Snæs Magnasonar, Bláa hnattarins, sem hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin 1999, og hinn frábæra Blíðfinn Þorvalds Þorsteinssonar. Báðar þessar bækur eru tímalaus ævintýri og fjalla um furður framandi veraldar með skýrum og fallegum boðskap. Sagan um Marsibil gerist hinsvegar í bláköldum raunveruleika samtímans – en kannski má segja að lifnaðarhættir á landsbyggðinni séu borgarbörnum ókunnur heimur. Í sögunni takast á mismunandi viðhorf barna og fullorðinna til lífsins og stillt er upp ólíkum aðstæðum borgarbarnanna Marsibiljar og Dóra sem bæði alast upp hjá einstæðum foreldrum. Í lífi allra persónanna verða mikil umskipti og í sögulok sér Marsibil margt úr heimi fullorðinna frá nýjum sjónarhól: „Ég undraðist hvernig fullorðna fólkið getur verið vont hvert við annað. Sama fólkið, sem er alltaf gott við mig og er náskyld mér, hafði reynt að pretta hvert annað með blekkingum og lygum“ (143).

Marsibil er fullorðinslegur sögumaður en hún skilur ekki alveg alla leyndardóma fullorðna fólksins. Atburðir sumarsins varpa ljósi á þá mikilvægustu, s.s. ástæðuna fyrir slæmu samkomulagi foreldra hennar. Pabbinn er hlýr, traustur og skilningsríkur en mamman kemur ekkert við sögu – hennar hlið á málum er aldrei skýrð. Persónurnar eru lifandi og skemmtilegar, séra Björn er t.d. sérlega geðugur og trúverðugur sem breyskur prestur og amman er mikil kvenhetja sem einhverjir dularfullir kraftar og mikil völd fylgja. Aftast í bókinni er Orðabók ömmu en hún inniheldur útskýringar á orðum sem bæði sögumaðurinn og amman nota og hljóma annarlega í eyrum ungu kynslóðarinnar, t.d. *mörflot*, *aukreitis* og *uppgangspláss*. Í hvert sinn sem sérkennilegt orð kemur fyrir birtist táknið § og vísar til skýringa í Orðabókinni. Þetta er sniðug hugmynd að mörgu leyti en minnir svolítið á kennslubók í móðurmáli. Eru barnabækur kannski alltaf kennslubækur öðrum þræði?

Samskipti barna og sérviturrar ömmu/afa í sveitinni hafa verið algengt þema í íslenskum barnabókum frá öndverðu en sagan um Marsibil er óvenjuleg að mörgu leyti. Vandamálin í sögunni snúast mest um fullorðna fólkið og allt vesenið sem þeim fylgir. Veruleikinn er hvorki fegraður né öll vandamálin leyst heldur er talað við lesendur eins og viti bornar manneskjur sem þola að heyra sannleikann. Það passar því illa að á bókarkápunni sjást þau Marsibil og Dóri, annarlega máluð og fullorðinsleg börn, en lesandinn lítur niður til þeirra.